



339. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 4. maí 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud og Knútur G. Hauksson.

Dagskrá:

Áður en gengið var til hefðbundinnar dagskrár þá kom Vésteinn Hafsteinsson nýr afreksstjóri ÍSí inn á fundinn, kynnti sig og heilsaði upp á framkvæmdastjórnina.

1. Samantekt frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSí. Hjólað í vinnuna var sett í gær að viðstöddum tveimur ráðherrum, borgarstjóranum í Reykjavík og fleiri góðum gestum.

2. Fjármál

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir stöðu reksturs ÍSí fyrstu þrjá mánuði ársins. Reksturinn er í góðu jafnvægi en kostnaður við framkvæmdir á þriðju hæð í húsi 3 hefur verið aðeins meiri en áætlað var.

3. Íþróttaping ÍSí

Farið yfir undirbúning fyrir þingið. Hann hefur gengið samkvæmt áætlun og verið er að ganga frá síðustu lausu endunum. Eins og áður hefur komið fram verða Guðrún Inga Sívertsen og Viðar Helgason þingforsetar. Farið yfir skipan þingnefnda, störf kjörnefndar og tillögur sem liggja fyrir þinginu.

4. Rammi Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) um sanngirni, inngilding og afstöðu gegn mismunun á grundvelli kynvitundar og breytileika á kyneinkennum

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að þýða nýjustu útgáfuna af ofangreindum ramma IOC. Rammann á íslensku og ensku er að finna á heimasíðu ÍSí.

5. Smáþjóðaleikarnir á Möltu

Enn er verið að gera minniháttar breytingar varðandi val á þátttakendum á Smáþjóðaleikana á Möltu, þannig að endanlegur listi liggur ekki fyrir að svo stöddu. Samþykkt að heimila útsendingu á heildarlista yfir íslenska hópinn til rafrænnar staðfestingar hjá framkvæmdastjórn, á milli funda, ef þarf.

6. Heiðranir

Samþykkt að sæma Ólöfu Björk Sigurðardóttur hjá Skautafélagi Akureyrar Gullmerki ÍSí á ársþingi Íshökkísambands Íslands. Ólöf Björk hefur verið leiðtogi innan íþróttarinnar í ríflega 20 ár. Viðar Garðarsson mun afhenda heiðursviðurkenninguna á þinginu, sem haldið verður á Akureyri.

Samþykkt að sæma Þóru Guðrúnu Gunnarsdóttur, Birninum/Skautafélagi Reykjavíkur/ÍSS Gullmerki ÍSÍ á ársþingi Skautasambands Íslands. Þóra Guðrún hefur verið leiðtogi í skautaiþróttinni í yfir 20 ár. Hún var ein þriggja sem tilnefnd voru til Íþróttaeildhuga ársins 2022, fyrir sjálfboðastörf í hreyfingunni. Hafsteinn Pálsson mun afhenda merkið á þingi ÍSS.

Heiðranir á Íþróttþingi:

Samþykkt að útnefna eftirtalda sem Heiðursfélaga ÍSÍ við þingsetningu 76. Íþróttþings ÍSÍ þann 5. maí nk. :

- Önnu R. Möller,
- Elsu Jónsdóttur,
- Guðmund Þ. Harðarson,
- Magnús Jakobsson,
- Sigríði Jónsdóttur,
- Svein Áka Lúðvíksson og
- Þór Ísfeld Vilhjálmsson.

Samþykkt að sæma eftirtalda Heiðurskrossi ÍSÍ:

- Ester Jónsdóttur,
- Hlín Ástþórsdóttur og
- Svan M. Gestsson.

Samþykkt að sæma eftirtalin Gullmerki ÍSÍ:

- Líneyju Rut Halldórsdóttur, fyrrverandi framkvæmdastjóra ÍSÍ, og
- Magnús Gunnarsson, Haukum.

Forseta veitt heimild til að framkvæma heiðranir til fráfarandi framkvæmdastjórnarfólks á þinginu þegar úrslit kosninga liggja fyrir.

7. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 338. fundar framkvæmdastjórnar.
- Heiðursráðs ÍSÍ frá 27. mars 2023.
- Frá fjarfundum forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ með sambandsaðilum í aðdraganda þings.

8. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

9. Önnur mál

Álitsgerð Viðars Más Matthíassonar

Forseti kynnti álitsgerð Viðars Más Matthíassonar fyrrverandi dómara við Hæstarétt og fyrrverandi prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, um skaðabóta- og refsíabýrgð sjálfboðaliða sem starfa í þágu ÍSÍ og eininga innan þess. Álitið verður sent til sambandsaðila til kynningar og einnig sett sem frétt á heimasíðu ÍSÍ.

Skoða þarf í framhaldinu hvaða skref íþróttahreyfingin getur stigið til að tryggja sem best öryggi sjálfboðaliða, bæði gagnvart tjónum/skaða sem þeir geta orðið fyrir og tjónum/skaða sem þeir geta valdið.

Samþykktir ársþings UMSB 2023

Lagðar fram samþykktir frá ársþingi UMSB til upplýsingar.

ÍSí og hlutverk íþróttahreyfingarinnar varðandi lýðheilsu

Viðar Garðarsson skýrði frá stöðu mála varðandi almenningsíþrótt- og lýðheilsuverkefnið „Koma svo“ og frá fundum sem hann og Valdimar Gunnarsson hafa haldið með ýmsum aðilum um málefnið.

Skipulagsmál

Viðar Garðarsson lagði til að bakkað yrði með þá skipulagslegu ákvörðun sem tekin var og hefur komið til framkvæmda um að leggja niður sviðsstjórnir. Hann sagði tengingu stjórnar og starfsfólks ÍSí hafa versnað við þessa breytingu og að framkvæmdastjórnarfólk nýtist ekki eins vel í starfi sambandsins eftir breytinguna. Forseti skýrði frá því að fyrirhugað væri að bæta tengingar þarna á milli með ráðum í stað stjórnar og vinnuhópum um sérstök málefni þar sem stjórn og starfsfólk störfuðu saman.

Kjörfundur Íþróttamannanefndar ÍSí

Framkvæmdastjóri skýrði frá kosningafundi Íþróttamannanefndar ÍSí sem fram fór 2. maí sl. Þar var kosið í nýja stjórn nefndarinnar og valdi nefndin Kára Mímisson sem formann. Hann mun því taka sæti í framkvæmdastjórn ÍSí í stað Ásdísar Hjálmsdóttur Annerud sem ekki gaf áfram kost á sér í embættið. Tillaga vegna þessa verður borin upp á Íþróttþingi ÍSí í samræmi við lög ÍSí.

Málefni samskiptaráðgjafa

Almennar umræður urðu um embætti samskiptaráðgjafa og rangfærslur sem uppi hafa verið í fjölmiðlum undanfarnar vikur um meinta aðkomu ÍSí að máli handknattleiksþjálfara í hreyfingunni. Sá misskilningur er algengur í samfélaginu að embætti samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs sé á forræði ÍSí.

Í lok fundar þakkaði forseti framkvæmdastjórn fyrir gott starfstímabil og skemmtilega samveru í stjórn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.